

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er með samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. október 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um (7.) breytingu á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna
nr. 16/1986.**

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

Efni INN – nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út- fl. leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Acetyl-alpha-methyl-fentanylum	N I+IV	X		
Alpha-methylfentanylum	N I+IV	X		
3-methylfentanylum	N I+IV	X		
Metamphetaminum racem.	P II	X		B
MPPP*	N I+IV	X		
PEPAP*	N I+IV	X		

* Efni, sem ekki hafa fengið INN-nafn.

MPPP: 1-methyl-4-phenyl-4-piperidinol propionate (ester).

PEPAP: 1-phenethyl-4-phenyl-4-piperidinol acetate (ester).

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður í fylgiskjali I við reglugerðina:
Secobarbitalum P III verður Secobarbitalum II.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.